

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um framleiðsluleyfi fyrir sérmarkaði (VLY-047).

Kröfur fyrir kjöt

Japönsk yfirvöld hafa gert úttekt á dýrasjúkdómastöðu Íslands og telja hana ásættanlega þannig að þau hafa heimilað innflutning á kjöti og kjötafurðum frá Íslandi til Japan.

Íslensk yfirvöld þurfa að tilnefna fyrirtæki sem þau ábyrgjast að uppfylli kröfur sem eiga við um kjöt og sem koma fram í eftirfarandi skjali: <http://www.maff.go.jp/aqs/hou/require/pdf/4-762-3ic.pdf>

- Íslensk yfirvöld skulu tilkynna japönskum yfirvöldum fyrirfram nafn, heimilisfang, samþykkisnúmer og afköst viðkomandi starfsstöðva. Íslensk yfirvöld skulu hafa reglubundið eftirlit með þessum starfsstöðvum og tilkynna japönskum yfirvöld strax ef þau uppfylla ekki lengur kröfur og hætta þá að senda frá þeim afurðir til Japan. Heimilt er að flytja út frá Íslandi til Japan kjöt af sláturdýrum frá öðrum löndum enda séu þá uppfyllt ákvæði þar að lútandi í ofangreindum reglum.
- Sérstakar viðbótarkröfur fyrir svínakjöt, einkum varðandi svínapest.
- Sérstakar viðbótarkröfur varðandi garnir sem notaðar eru við framleiðslu á unnum kjötvörum. Einungis má nota garnir frá löndum sem uppfylla japanskar kröfur.
- Uppfylla þarf almennar kröfur um hollustuhætti og um heilbrigðisskoðun á sláturdýrum og afurðum.
- Japönsk yfirvöld áskilja sér rétt til að gera úttekt á starfsstöðvum á Íslandi og sem leyfi hafa til útflutnings til Japan.

Slóðir á aðrar reglur, almennar og sértækar:

General rules for all foods distributed through Japan

Food Sanitation Act http://www.japaneselawtranslation.go.jp/law/detail_main?id=12&vm=4&re=

Some categories of food need to meet specific standards

Specifications, Standards and Testing Methods for Foodstuffs, Implements, Containers and Packaging, Toys, Detergents <http://www.jetro.go.jp/en/reports/regulations/pdf/testing2009dec-ep.pdf>

*P.50 Meat Products

Based on Article 23, Food Sanitation Act, MHLW develops Annual Monitoring and Guidance Plan for import food as follows:

Development of Imported Foods Monitoring and Guidance Plan for FY 2014
http://www.mhlw.go.jp/topics/yunyu/keikaku/14_en.html

Umsóknar- og tilkynningarferli

- Fyrirtæki sækir um útflutningsleyfi til Japan í Þjónustugátt MAST. Sjá <https://umsokn.mast.is/>
- Tilgreina þarf nákvæmlega starfseiningar (sláturhús, kjötpökkun, frystigeymsla, kjötvinnsla) og afurðir (dýra/ kjöttegund, kjöt/innyfli, unnar vörur o.s.frv.).
- Ábyrgðarmaður máls útbýr umsókn til japanskra yfirvalda. Sjá staðlaðan texta í málaskrá: Umsóknarbréf til Japan.
- Umsóknarbréfið er sent beint til japanskra yfirvalda í tölvupósti og afrit til íslenska sendiráðsins í Tokyo í Japan:
Kai Isomura
International Animal Health Affairs Office
Animal Health Division
Food Safety and Consumer Affairs Bureau

Ministry of Agriculture, Forestry and Fisheries

E-mail : kai_isomura470780@maff.go.jp

yuki_uzhwa300@maff.go.jp

- e. Samþykki japönsk yfirvöld starfsstöðina, bæta þau henni á lista yfir viðurkennd íslensk fyrirtæki: <http://www.maff.go.jp/aqs/tetuzuki/facility/pdf/is.pdf>
- f. Ábyrgðarmaður máls sér um að bæta starfsstöðinni inn á lista fyrir Japan yfir [Sérleyfismarkaði](#) á heimasíðu Matvælastofnunar.
- g. Ábyrgðarmaður máls tilkynnir starfsstöðinni að hún sé komin á lista í Japan yfir viðurkenndar starfsstöðvar.